

HEIMSKRINGLA

Kemur út á hverjum fimtudegi. Öflugastur og eignastur. ÞEÓ VIKING PRESS, LTD.

ER SKULUM ALDREI SLIDRA SVERÐIÐ fyrri en Belgía í fullum mæli er búin að fá alt, sem hún hefir í sölu lagt og meira; ekki fyrri en Frakkland er trygt og óhult fyrir árásum fjandmannanna; ekki fyrri en réttindum hinna smærri þjóða í Evrópu er áreiðanlega borgið, og ekki fyrri en hervald Prússa er brotið og að fullu eyðilagt.—ASQUITH.

Gripamanna-félagið.

A fundi einum sem gripamenn (Cattle Breeders) héldu hér í Winnipeg kom í ljós ótti manna, ef svo færi, að forsetaskifti yrðu í Bandaríkjunum og Repúblíkanar næðu aftur völdum og kæmu að forseta af sínum flokki. Þeir héldu, gripamennirnir, að þá myndu Repúblíkanar leggja svo háan toll á innflutning gripa frá Canada, að ókleift yrði, að selja grip þangað til slátrunar.

Við nákvæmari ihugun virðist ástæðan eða ástæðurnar vera rýrar og smáar fyrir ótta þessum. Fyrst og fremst er iðnaður sá ekki mikils virði, sem ekki þolir pólitískar skoðanir í öðrum löndum eða á líf sitt undir því, hvað pólitískir flokkar kunna að gjöra í einhverju öðru landi eða álfu. Þó að úti væri um þann markað, þá er eftir allar heimur fyrir utan Bandaríkin. Og þó að Repúblíkanar kæmst að í Bandaríkjunum, þá munu menn þurfa að eta eftir sem áður.

En svo ber þess að gæta, að Bandaríkin hafa verið land, sem út hefir flutt grip í stórum stíl, og hafa þau um langa tíð framleitt grip kansas meira en nokkurt land annað. En nú eru gripir þar farnir að þverra, því að svo mikið af landi, sem notað hefir verið til gripaæktar, er nú haft til kornæktar, sem gefur meiri af sér en gripirnir. Og útlit er fyrir, að Bandaríkin, þó að stór séu, fari bráðlega að hafa nóg með að fæða sig sjálf, hvað gripirnir snertif. En við það hlýtur verið að hækka á heimsmarkaðinum.

Og svo er ástandið í Norðurálfunni, sem bylitr um öllum reglum og venjum og stað-hæfingum, sem áður hafa góðar og gildar verið í heiminum. Meðan stríðið stendur verður einlegt fyrirtaks markaður á Bretlandi og Frakklandi og Ítalíu eða öllum þeim hluta Evrópu, sem vér náum til. En þegar stríðið er búið og friður kominn á, þá verður Norðurálfan að segja má gripalaus.

Mennirnir þurfa einlegt mat sinn, hvar sem er í heimi. Í löndum þeim, sem verið hafa að berjast, hefir kornæktin haldist bezt við. Og alt kornið hefir verið tekið til mannelis, en ekki til að fæða eða fita gripa. Á Þýskalandi hefir gripunum verið slátrað; — sumpart af því, að þeir þykja bezta hermannafæðan; sumpart af því, að fóðrið var ekki til handa þeim. Pólland, bæði sá hluti þess, sem lýtur Vilhjálm, og sá, er lýtur Rússum, er fyrirtaks gripaland, og sömuleiðis Galízía. Og þaðan hafa Þjóðverjar haft mesta þá grip, sem þeir hafa etið síðan stríðið byrjaði. En eins og allir vita nú, láta Þjóðverjar greipar söpa um lönd þau, sem þeir fara um. Og í heilum sveitum landa þessara er enginn gripur lifandi. — Þýskir hafa tekið alt, sem nærri má gæta, þegar þeir hafa verið að kaupa hunda til mannelis hjá Dönum fyrir ærna peninga, svo að Danir eru orðnir stór-  
auðugir af. Og enn er eitt, — það er: að hriðarþál bardaganna hafa jafnan verið hördust og lengst í löndum þeim, sem mesta hafa haft gripina, og menn vita það, sem nokkuð hafa um stríð heyrð, að hermenn eru handfljótr að slátra gripum og sundra skrokkum þeirra, og ekki æfinlega spurt um eiganda.

Og svo er þetta, sem allir geta séð og skilið, að með hverri vikunni og hverjum deginum, sem stríðið hefur áfram, minka eða fækka gripirnir svo að miklu munar. Meðan Norðurálfan var full af gripum, sá um stund ekki högg á vatni; en nú, þegar skorturinn er orðinn ljós, og heil löndin, sem höfðu gripa til sölu, eru öðin alveg gripalaus, þá munar svo miklu jafnvel á hverjum degi. Það þarf býsna mikið til að fæða 20 miljónir hermanna á hverjum degi, dag eftir dag og viku eftir viku.

Og enn er eitt, en það er, að kunnugir menn fullyrða, að nú sé ekki ein einasta gripa-þjórd eftir milli Canada brautarinnar að norð-

an og suður til Texas í Bandaríkjunum. En þetta landflæmi var áður fullt af gripum. Og auk þess eru gripahjardirnir í Texas og New Mexico alveg að hverfa, að heita má.

Þegar menn athuga þetta, þá hljóta menn að sjá, að ef að markaður verður í framtíðinni fyrir nokkum skapáðan hlut hér í Canada, þá verður hann fyrir gripi og náttúrliga fyrir korntegundir. Evrópa þarf gripanna með bæði til að eta nú og síðar, og eftir stríðið til að fjölga hjá sér. Því að þegar stríðið er búið, þá finst mönnum þar lengi vel, að þeir megi ekki skera einn einasta kálf til matar, hvað svo sem verði líður.

Sannariega þurfa bændur í Canada ekki að óttast, að þá skorti markað fyrir vöru sína í næstu framtíð, hvað svo sem Bandaríkin segja eða gjöra og hvort sem Repúblíkanar komast að eða ekki.

Rúmenía.

Margur maðurinn hefir verið hræddur um Rúmeníu, að það mundi nú fara fyrir þeim eins og Serbum: að járnhælar Þjóðverja myndu troða þá ofan í jörðina. Þýskir myndu brjóta allar varnir þeirra, sigra alla herflokkka þeirra, brenna borgir og byggðir, drepa niður fólk og afmá þjóðina af jörðinni, alveg eins og þeir fóru með hina smáa, en hugrökku og hraustu Serba-þjóð. Og um tíma leit fremur illa út fyrir Rúmeníu. Þjóðverjar sendu bezta foringja sinn, Mackensen gamla, til að lemja á þeim; sama manninn, sem fór með eldi og eimyrju yfir Serba-löndin og skildi fátt af kviku eftir óskmet, hvorki gripa eða menn eða konur. Og svo kom Falkenhayn að norðan með alvönu líði, því hinu bezta, sem Þjóðverjar höfðu til, og útþánað öllum langtum betri en Rúmenar höfðu; svo að í fyrstu var það leikur einn fyrir Þjóðverjana, að drepa niður fylkingar Rúmenía, því að fallbyssur Þjóðverja skutu á svo löngu færi, að Rúmenar gátu ekki svarað. Þýskir stóðu kyrrir og hlögu að Rúmenum, þegar þeir voru að skjóta og fallbyssur þeirra drögu vel hálfa leið til Þjóðverja; en raðirnir féllu af Rúmenum fyrir skotum hinna. Það var ekki von, að þeir gætu staðið móti Þýzku með þessu lagi; og svo urðu Rúmenar að mæta övunum bæði að sunnan og norðan. Að norðan á 300 milna löngu svæði og að sunnan tröllinu Mackensen.

Hefðu þeir Mackensen og Falkenhayn náð höndum saman eða Mackensen komist norður, fyrir Dóná eftir að hafa brotið undir sig Dobrudja, og Falkenhayn komið nógu miklu líði suður yfir fjallgarðinn norðan við Rúmeníu, þarna sem hann næst hefir leitað á um Predeal skörðin, suður af Kronstadt, — þá var alt búið, þá hefði verið ómögulegt að bjarga Rúmenum. Þýskir hefðu látið greipar söpa um byggðir þeirra; þeir hefðu byrgt sig upp að gripum og korni og kolum og ölu fyrir í árstíma, því að þeir hefðu ekki skilið eftir ætari bita eða óspjallaða mey í öllu landinu, eða nokkuð, sem fémtætt hefði verið, og svo sett þar á konungsstól einn af sonum Vilhjálm blóðs, eins og þeir gjörðu í Serbíu, og vissulega hefði þá keisarinn þýzki brosað í kamp og verið hróðugur yfir veiði þeirri. Og bráðin var og er feit, því að Rúmenía er fyrirtaks land að gæðum.

Stríðið var langfrá búið, þó að svo hefði farið; Þjóðverjar voru ekki nær signinum fyrir það; en þeir hefðu aukið við illræðis-  
verkin að eyðileggja og drepa niður eina þjóðina enn. Þetta gat lengt stríðið, en ekki bjarg-  
að þeim, og því meira, sem þeir gjöra af sliku, því grammara og hardara verður stríðið, því erfiðari verða þeim friðarkostirnir og því þyngrir skuldin, sem þeir verða að gjalda að lokum.

En nú er svo komið, að alt útlit er fyrir, að ekki þurfi að óttast þetta; það má þá búið um skipast, ef að Þjóðverjar gæta brotið Rúmeníu undir sig. Því að nú er orðin sök en ekki vörn hjá Rúmenum og Rússum í Dobrudja. Mackensen kemst ekki yfir Dóná, hann kemst ekki lengra norður, hann getur ekki hrunðið Rúmenum og Rússum út á Dóná. Hann á ílt með, að draga að sér vopn og vistir. Hann situr nú á 30—40 mílna löngum ásum, frá Hirsova við Dóná og norðaustur undir borg, sem Barbadagh heitir, og hefir nóg með að verjast árasum Rússa og Rúmenna, sem leita á hann á allri þessari línu. En Rússar farnir að skjóta á Constanza að baki hönum. Veitir honum nú ekki af öllu sínu viti og herkænsku, til að komast burtu þaðan og mæti telja sig sælan, er hann losnar og sér aldrei ása þessa og flóa framar.

En að norðan hafa Rúmenar brakið Þjóðverja úr hverju skarði, nema einhvern hóp þeirra, sem ennþá heldur einni brautinni í Predeal skörðunum, og þrengr þó einlegt að þeim. Og svo hafa Rúmenar fengið einn af bezta herforingjum Rússa, Sakharoff, sem vinnur er orðinn að mæta Þýzku bæði á undan-  
ahaldi og í framsök. Það kann að hanga þarna við þetta um tíma. En hættan öll virðist horfin nú.

Breyting á vinnuafli bóndans

Það er enginn efi á því, að einlegt fer það í vöxt, að nota smáar dráttarvélar á ökrum bænda í staðinn fyrir hesta, og til flutnings á vegum sveitanna. Þær fjölga einlægt; þær verða bændum einlægt kærari og kærari. Þær eru billegri en hestarnir; þær kosta bændur ann ekkert meðan þær standa vinnulausar. Þær geta unnið nótt og dag og þurfa aldrei hvíld og engan svefn og má því vinna þeim margfalt lengur en hestunum. Þess vegna gjöra þær miklu meira, svo að bóndinn getur ræktað miklu meira land með þeim en hestum.

Og næstu árin mega menn eiga það vist, að hestar verða í afarverði, enginn veit hvað lengi, því að auk þess að vinna þeim, eru menn nú farnir að eta þá. Og því skildi bóndinn ekki geta haft gott af þessum hinum nýju vélum, eins og allar aðrar stéttir? Það má heita, að þær hafi sópað hestunum úr öllum hinum stóru borgum, þessar vélar. Sjáum Winnipeg, t. d. Hér sést varla nokkur hestur á strætunum, nema þeir, sem hermennirnir ríða stundum um þeim, sem eru svo hastir, að það er, sem þeir myndu geta brotið hvert þeim í hermönnum; en þeir höstast svo hátt við hvert spor hestanna, að greina má gang himintunglanna milli þeirra og hestsins.

Alt til skamms tíma voru dráttarvélar þessar þungar og klunnalegar og svo dýrar, að það voru að eins auðugustu bændur, sem gátu keypt þær. En nú eru þær farnar að verða miklu léttari og ódýrari og vinna þó eins mikið eða meira. Er nú samvinna orðin svo mikil meðal bænda í Vesturfylkjunum, að líklegt er, að farið verði að nota eitthvað af þessum nýju dráttarvéllum í mörgum þeim sveitum, sem aldrei hafa séð neina þeirra. — Ef að sveitirnar ættu góðar vélar til vegagjörða, þreskingar, til að draga vaingtrossur á all-góðum vegum, þá myndi byltung þessi verða fljótt. Vör höfum sjálfir séð þær draga vegaploga stóra rétt sem þeir rynnja í vatni; en áður var það full-erfitt með 15 til 17 göðum hestum, og þurfti oft að hvíla hestana, en aldrei vélnar. — Þetta sáum vér suður í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum.

En bændur, sem búa á 160 ekrum, geta haft full not af miklu smærri og ódýrari vélum, og það svo, að menn nú geta ekki gjört sér hugmynd um það. Á hinum feykilega við-  
áttumiklu sléttum Vesturfylkjanna geta menn búast við, að innan skamms tíma verði alt landið ræktað, verði einn geysi-stór akur, er nær yfir þúsundir fermílna, með mörgum milljónum manna, og þar verður vélna land; þar verður þeirra ríki. Því að þær geta nokkurnveginn unnið eins fljótt og vel og mennirnir vilja, og geta unnið að hvaða starfi fyrir bóndann, sem hann vill nota þær til.

"Hvort á eg heldur að vinna landið með uxum eða hestum?" var spurning bændanna fyrir nokkrum árum. Uxinn var ódýrari en hesturinn og léttau að koma honum upp, fyrir gripabóndann að minsta kosti. En, uxinn var svo seinn, að það var dauðans kvöl, að labba með honum á akrinum eða á vegum sveitarinnar. En hesturinn, hann var eftirvísni, og bóndinn hugsaði sig lítið um, ef að hann hafði efi á að kaupa sér tvo hesta. Hann taldi sig hafa himin höndum gripíð, þegar hann fékk hestana, og losaði sig við uxana sem allra fyrst.

En nú kemur verkfæri til sögunnar, sem er eins langt fyrir ofan hestana, eins og hestarnir voru uxunum fremri. Og nú verður spursmálið bóndans: "Hvort á eg heldur að vinna landið mitt með hestum eða vélum?" Þessari spurningu þarf að svara og henni verður áreiðanlega svarað bráðlega.

En bak við þetta spursmál liggur annað spursmál, spursmál, sem kalla má lífsþessmál fyrir bónda hvern, bóndason og bónda-  
dóttir á hinum næstu komandi árum. Það er upplýsingin: — ekki það, að kunna að lesa og skrifa á enska tungu, því að enginn maður getur höfði haldið að fáum árum löndum, sem ekki getur það, heldur hitt, að fylgjast með öllum framförum heimisins í öllum þeim greinum, sem bóndann og iðnaðarmanninn og verkamanninn og alt mannfélagið varða. — Bóndinn verður að hafa hin beztu blöð, hinar beztu bækur. Hann getur ekki lifað annars; hann verður að fylgjast með öllu því, sem í heiminum gjörist, öllum framförum, öllum hugsanastratumum. Hann getur ekki lifað annars. Og skólarir verða að búa hann undir þetta alt saman. Þar verður hann að læra af kappi fyrir lífið eitthvað, sem hann getur haft gagn af; eitthvað, sem lýtur anda hans; eitthvað, sem getur verið honum sverð og skjöldur og brynja í baráttu lífsins, og hann má gæta sín, að fara ekki að gulta við eitthvert fræðarús, sem honum aldrei verður að gagni. En þar er hættan mikil, því að mikið þarf að læra og aldrei getur nokkur maður lært nógu mikið, því að því meira, sem hann lærir, því betur finnur hann, hvað óendanlega mikið það er, sem hann á eftir ólært.

Sigurveig Einarsdóttir

Hún var fædd 15. desember 1830; dáið 18. sept. 1916. Sigurveig var fædd að Hjalla í Reykjadal í Suður-Þingeyjars. Faðir hennar var Einar bóndi Halldórsson bónda í Kvígindalsdal í sömu sveit. Móðir hennar var Guðlaug Þórarinsdóttir. Móðir Þórarins Guðrún Halldórsdóttir, bónda á Lundarbrækkum í Bárðardal, Inggjaldsönnar, bónda á Kálfaströnd við Mývatn, Jónssonar prests á Skinnastöðum í Óxarfirði ("greipalennis"). Einarssonar prests, "galdrameistara", sama staðar, Nikulásönnar á Hósinshöfða, Einarssonar bónda í Reykjahlíð, Nikulásönnar klausturhaldara, Þorsteinsönnar sýslumanns, Finnþegasonar löggjafars í Ási (hins gamla) Jónssonar, Kona Finnþega Málfríður Tordadóttir Arasonar, hriðstjóra og Akra-Kristínar Þorsteinsdóttur lögmans Ólafssonar. Kona Þorsteins Sigfríður Bjarnadóttir, Kona Bjarnar Brynjólfsönnar Málfríður Elfríksdóttir; móðir hennar Ingríður Loftadóttir á Möðruvöllum, Þórarinsönnar Hallssonar á Möðruvöllum, Kona Þórarínar hét Guðný Helgadóttir, Loftssonar í Skál. Ásbjörg hét kona Heiga, Þorláksdóttir Guðmundssonar "griss" á Þingvöllum. Solveig hét kona Guðmundar griss, Jónsdóttir Loftssonar í Odda, og Hallgröu Skegg-Brandsdóttir. Loftur var sonur Sæmundar prests "hins fróða" í Odda, Sigfríðssonar prests Loðmundarsonar prests. — Kona hans var Þórey Eyjólfsdóttir halta á Möðruvöllum. Kona Eyjólfs var Ingvaldur, dóttir Síðu-Halls, Þorsteinsönnar að Þvottá, Böðvarsonar hvíta; er sú ætt rakin til Svava jötuns að Doftum.

Foreldrar Sigurveigar voru litt einum búi. Misti hún föður sinn átta ára gömul. Ellefu ára gömul fór hún til Jóns Helgasonar og Kristínar konu hans, er þá bjuggu á Gautlökudum, og vann fyrir sér sjálf. Hún var hjá þeim þar til á tívíugsaldri. Hún giftist tuttugu og tveggja ára Benedikt Andressyni, Elfríksönnar á Vogum við Mývatn. Þar bjuggu þau í tvö ár. Fluttu þá að Ási í Keldu-  
hverfi. Eftir 14 ára sambúð misti hún mann sinn. Þau áttu 8 börn. Voru 5 í lífi, þá Benedikt dó. Af þeim náðu 3 piltar fullorðins aldri: Jón, Sigtryggur og Kristján Asgeir. Jón druknaði 26 ára gamall; Sigtryggur bjó á Grundarhóli á Fjöllum um 30 ár, er nú dáið; Kristján Asgeir hefir átt heima í Winnipeg síðan hann flutti til Kanada 1894. — Sigurveig var hjá honum eftir að hún hætti búskap í Ási. Hún bjó 29 ár þar, 14 ár með manni sínum, og 15 ár ekkja.

Sigurveig var meðal kona á hæð, og þétt vaxin. Hún var upplittdjörfl kona. Hafði tinnusvart hár og mikil ó á yngri árum. Hún var fönleg og atgjörvis-mikill; sópaði af svip hennar og framgöngu. Hún var ein-  
öð og skapkona. Einkar víkþvæm við menn og mállesingja, sem bágt áttu, eða lasburða voru. Hún var viti bórinn og hneigi fyrir fróðleik. Las ágætlega og skrifaði lesandi hönd, er hún lærði einvörðungu af sjálfsláðum. Hún var sérlega vönd að siðferði, óskyldra sem skyldra. Hún var gefin fyrir söng og hafði þýða rödd. Dönsku lærði hún af sjálfsláðum um miðjan aldur, og skildi dævel á bók!

Hún nátt tveggja vikna tilsgagnar að sníða fót og sauma, þá hún var 18 ára. Leysti hún það verk vel af hendi fyrir sig og aðra, eftir tízku þeirra tíma. Hún var hin mesta starfs- og elju-kona fram að dánardegi.

Hún var trúkona-sinnar tíðar, og sannkristin í orðsins góða skilling. Sérlega kyrkjurækni á Íslandi. En misjafnt þótti henni prestum segjast.

Hún las allt nýtt, blöð og bækur, sem handbært var ásamt eldri bókum þreskingu. Enda stendur oft svo, á, að um tveit er að gjöra, að brjóta helgina, eða tapa öllu því korni, sem þreskja hefði nátt yfir sunnudaginn. Þarna gat tímanleg veltið ótal margra manna með allar þeirra fjölskyldur verið undir þessu komni; en hvorki Guð eða menn eða kyrkja hafi eyris-not af því, þó að uppskeran bæddanna verði eyðilögð. Menn hafa því oft séð í gegnum fingur við brot þess, þó að þau væru lögun móti.

En nú er ekkert farið í launkofa með þetta, það þarf ekki að stelast til þess, enda er það æfinlega síð-pillandi, að þurfa að stelast til að gjöra nokkurt verk. Í Alberta og Saskatchewan er minsta kosti þarf þess ekki, því að nú er því lýst yfir í heyranda hljóði af Bruce Walker, Commissioner of Immigration, að þurfi menn endilega að vinna á sunnudögum að þreskingu, í þessum tveimur fylkjum, þá geti þeir fengið leyfi til þess og skal "Royal Northwest Mounted Police" skera úr því, hvort þeir hafi haft fulla ástæðu til þess, að vinna að þreskingunni sem nauðsynjaverki.

Rjórn í Ási, hvaðan af landi sem voru. Oft teptust ferðamenn í Ási, við jökulhlaup á sumrum, en skarir og krappabúð á vetrum.

Sigurveig var gestrisin og hjálpsöm, ótalað yfir eni fram oft og tíðum, nema þá síðustu búskapar. Þá mátti heita að hún ætti viðunandi kringsmæður.

Nú er ævistarfinni lokt með sóma, stakri starfsemi og villþreki.

Hún dó að morgni hins 18. sept. Jarðvarfin fór fram frá húsi sonar hennar Kr. Asgeirs Sira B. R. Jónsson flutti húskveði og jarðveg hana í Brookside grafreit, 198 s.m. A. S. Bardal annaðist um útförina.

Fríður Guðs og manna hvíla yfir moldum minnar ástliku móður!

K. Asg. Benediktsson.

TIL KVENFRELSISVINA.

Heimskringla, viltu gjöra svo vel og taka eftirfylgjandi grein.

Fyrir nokkrum vikum síðan fékk eg bréf og \$35.00 frá "Fyrsta íslenska Kvenfrelsis Kv. féll. í Winnipeg". — Bréfið var vingjarnlegt og gott. — Líkt og bréfið frá Kvenfél. Von á Baldur, og þeningarnir sendir í sama tilgangi og gjöfin frá Von. Eg var samt beðin, að birta ekki bréfið, og þess vegna gjörð eg það ekki. En eg má og vil votta því kvenfélagi þakklaeti mitt fyrir það og alla góða samvinnu. — Eg hvorki vil né get gleymt því, að það voru einmitt þessar konur, — Konurnar í Fyrsta ísl. Kvenfrelsis Kvenfélaginu, sem höfðu nógu mikið trú á málefni okkar — fyrst og fremst, og þar næst velvild og traust til mín, til að taka höndum saman við mig og berjast með mér fyrir því málefni, sem þá var í ennþá í ólíti, til að segja ekki of mikið, hjá íslenzku blöðunum okkar flestum og leiðtogum þeirra. Eg gat þessinnhverfintni í Frjeyri, að mótmælendur þess málefna, blöð og menn, veru einungis stein-  
ar í götu, sem tefðu fyrir því um stundarskrár að eins, en sem öðkur tímans og framþróunarinnar skuldu úr vegi, eða gengju yfir. Sú er og reynslan á orðin. Verlaunin fyrir unnið starf eru æfinlega nóg í því einu, að hafa það á samvirkunni, að hafa liff góðu málefni ó-trautt fylgi. Yfirbörnun er það að lifa til að sjá þau sigra, hver sem svo þar frá því börði — ágóðann. En átti eg nokkur verlaun skilið, hefði eg kosið mér starf — lífvænlegt starf — í því þeraði — fylki — er eg eyddi kröftum mínum fyrir. — Það eru þau einu verlaun, sem ærlegur maður eða kona geta með góðri samvirknu tekið. Engu að sjó-  
ur er eg þeim öllum þakklaet, sem enn minnst mín með velvild nú og æfinlega, eins og var meðan eg var með þeim. En þá var eg og er æfinlega sæljast, er eg veit mig vinna fyrir því er eg fé, — og leggja fram fullan skerf til borgunar.

Félagskonur mínar og samverkamenn og konur hervörðna! Hjúrt-  
ans þökk fyrir samvinnuna og gel-  
ana alla á götu mínni fyrir og síðar!  
Guð blessi yðr unninn sigur og börnun yðar í þúsund lídu!

Yðar einlæg,  
M. J. Benediktsson.

BÆNDUM LEYFT AÐ PRESKJA A SUNNUDÖGUM.  
Hún var trúkona-sinnar tíðar, og sannkristin í orðsins góða skilling. Sérlega kyrkjurækni á Íslandi. En misjafnt þótti henni prestum segjast.

Hún las allt nýtt, blöð og bækur, sem handbært var ásamt eldri bókum þreskingu. Enda stendur oft svo, á, að um tveit er að gjöra, að brjóta helgina, eða tapa öllu því korni, sem þreskja hefði nátt yfir sunnudaginn. Þarna gat tímanleg veltið ótal margra manna með allar þeirra fjölskyldur verið undir þessu komni; en hvorki Guð eða menn eða kyrkja hafi eyris-not af því, þó að uppskeran bæddanna verði eyðilögð. Menn hafa því oft séð í gegnum fingur við brot þess, þó að þau væru lögun móti.

En nú er ekkert farið í launkofa með þetta, það þarf ekki að stelast til þess, enda er það æfinlega síð-pillandi, að þurfa að stelast til að gjöra nokkurt verk. Í Alberta og Saskatchewan er minsta kosti þarf þess ekki, því að nú er því lýst yfir í heyranda hljóði af Bruce Walker, Commissioner of Immigration, að þurfi menn endilega að vinna á sunnudögum að þreskingu, í þessum tveimur fylkjum, þá geti þeir fengið leyfi til þess og skal "Royal Northwest Mounted Police" skera úr því, hvort þeir hafi haft fulla ástæðu til þess, að vinna að þreskingunni sem nauðsynjaverki.